

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 24. apríl 2001.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

26. apríl 2001

Nr. 351

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi „Athafnasvæðis Hellnahrauns 1. áfanga“, Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 23. janúar 2001 breytingu á deiliskipulagi „Athafnasvæðis Hellnahrauns 1. áfanga“.

Breytingin felst í því að lóðum sunnanmegin við Íshellu og lóð við Hringhellu er breytt í lóðir með fljótandi lóðarmörkum og lóðum á milli Rauðhellu og Móhellu er breytt.

Breytingin var í auglýsingu 31. janúar - 2. mars 2001, og athugasemdafrestur til 16. mars sl., samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 26. apríl 2001.*

F.h. Hafdísar Hafliðadóttur skipulagsstjóra,

**Guðlaug Þorsteinsdóttir.**

26. apríl 2001

Nr. 352

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir íbúðir er árlega sem hér greinir:

Sorphreinsunar- og sorppokagjald kr. 2.500 á hverja íbúð

Sorpeyðingargjald kr. 5.500 á hverja íbúð

Sorphirðugjald samtals kr. 8.000 á hverja íbúð

Sorphirðugjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Sorpeyðingargjald fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök miðast við magn úrgangs og er árlega sem hér greinir:

1) Grunn gjald kr. 15.000 á ári.

2) Magn gjald (hámark) kr. 15.000 fyrir hverja 10 m<sup>3</sup> (10.000 lítra) sorps. Upphæð magn gjaldsins fer eftir heildar sorpmagni sem til sorpeyðingarstöðvar berst.

3) Meðhöndlunargjald:

Hreint sorp: Ekkert aukagjald

Yfirferð 18% álag á magn gjald

Meðhöndlun 106% álag á magn gjald

Gjald dagar eru þrjú, 15. apríl, 15. júlí og 15. október ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

#### 4. gr.

Önnur gjöld:

Urðun Gjaldfrítt

Bílflok:

Fólksbifreiðar 5.000 kr./stk.

Stærri bifreiðar 7.500 kr./stk.

Brotamálmur:

Aðrir málmur: Flokkunargjald 106% á magn gjald.

Önnur gjöld:

Spilliefni Gjaldfrítt

#### 5. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá, sem samþykkt var af bæjarstjórn Vestmannaeyja 11. nóvember 1999, 2. gr., og 21. apríl 1999, 3. og 4. gr., er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, samþykkt heilbrigðisnefndar Suðurlands 27. febrúar 2001 og samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Vestmannaeyjum nr. 22/1993, öðlast þegar gildi.

*Vestmannaeyjum, 26. apríl 2001.*

**Guðjón Hjörleifsson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Bessastaðahreppi.

*Lóðir innst við Miðskóga.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 10. apríl 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi innst við Miðskóga í Bessastaðahreppi. Breytingin nær til lóðar Tjarnarlands, lóðarinnar Miðskógar 22 og fjögurra óbyggðra lóða innst við götuna. Auk þess hefur austurmörkum skipulagssvæðisins verið breytt.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Bessastaðahreppi, 26. apríl 2001.*

**Gunnar Valur Gíslason** sveitarstjóri.